

Borgarráð
31. júlí 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgin kaupi ónotuðu húsnæði og innrétti íbúðir fyrir efnaminna fólk sem er húsnæðislaust eða býr við óstöðugleika í húsnæðismálum

Flokkur fólksins leggur til að borgin skoði frekari kaup á ónotuðu húsnæði í Reykjavík. Um gæti verið að ræða skrifstofuhúsnæði og í einhverjum tilfellum iðnaðarhúsnæði með það að markmiði að innrétta íbúðir sem ætlaðar eru þeim sem búið hafa við langvarandi óstöðugleika í húsnæðismálum og eru jafnvel enn á vergangi. Áhersla er lögð á að borgin sé ábyrgðaraðili þessa húsnæðis til að ávallt sé tryggt að það sé að öllu leyti fullnægjandi íbúðarhúsnæði. Tryggja þarf einnig að leiga verði ávallt sanngjörn og í samræmi við greiðslugetu leigjenda en hér er verið að tala um húsnæði fyrir fátækt fólk og aðra sem hafa engin tækni á að leigja á húsnæðismarkaðinum eins og hann er í dag.

Greinargerð:

Í borginni er víða ónotað húsnæði sem er til sölu. Til að bregðast við því ástandi sem nú ríkir á húsnæðismarkaði vegna langvarandi skorts á húsnæði er áhersla lögð á að innrétta íbúðir í húsnæði sem stendur autt og hefur e.t.v. gert lengi en er til sölu. Í einhverjum tilfellum kann að vera ódýrara og betra að rífa húsnæðið og byggja nýjar íbúðir og þarf að meta slíkt í hverju tilfelli fyrir sig.

Þessi tillaga er ein af fleiri tillögum sem Flokkur fólksins vill leggja fram til að bregðast við neyðarvanda í húsnæðismálum sem bitnað hefur oft mest á þeim sem minnst mega sín, ekki hvað síst börnum fjölskyldna sem hafa verið á vergangi og fólki sem glímur við veikindi af ýmsum toga. Fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem jafnvel ná ekki 300.000 krónum í tekjur á mánuði er útilokað að leigja á almennum markaði þar sem leiga er iðulega mun meira en helmingur af þessari upphæð. Grípa þarf til fjölbreyttra aðgerða til að gera hinn neikvæða húsnæðismarkað heilbrigðari sem allra fyrst.